

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

32. FUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS KJÖRTÍMABILID 2022-2026

Árið 2025, föstudaginn 25. apríl kl. 8:30, var haldinn 32. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri – Grundarstræti 1.

Mættir voru á fundinn:

Kristján Rúnar Kristjánsson, Jónas Ólafur Skúlason, Eiríkur Valgeir Scott, Dagbjört Hjaltadóttir og Bragi Þór Thoroddsen.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundinum, að gættri fundarboðun, að ganga til dagskrár.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir 32. fund sveitarstjórnar
Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.
Sveitarstjórn leggur til að farið verði í að skoða kaup á moltugerðarvél og sveitarstjóra falið að afla tilboða. Jafnframt verði skoðað að breyta fyrirkomulagi sorphirðu og leita leiða til þess að lækka kostnað af málaflokknum.
Um fjöllum um nýsköpunarstyrk. Sveitarstjórn leggur til að styrkir verði bundnir útsvari og stöðugildi við nýsköpun og frekari reglur settar áður en úthlutað verði úr sjóðnum.
2. Fundargerð 16. fundar fræðslu-, tómstunda-, menningar- og kynningarnefndar 9. apríl 2025
Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
Varðandi 2. lið fundargerðar - samskiptaforritið Karella - tekur sveitarstjórn undir með nefndinni og leggur til að forritið verði innleitt án kostnaðar fyrir foreldra.
Nefndin leggur til að sótt verði um í EBÍ fyrir sameinuðu brúna og brúna ofan Holtagötu fyrir Súðavíkurhringinn.
Sveitarstjórn tekur undir með nefndinni og leggur til að Súðavíkurhreppur bjóði Vestfjarðavíkinginn velkominn og styrki verkefnið.
Þá tekur sveitarstjórn jákvætt í að halda námskeið í sumar fyrir börn í Súðavík.
3. Erindi frá Raggagarði – fyrirspurn dags. 21. apríl 2025.
Erindið rætt og mun sveitarstjórn leggja til það sem þarf varðandi sorpmál og skoða eftir því hvað hentar með vinnuskóla á hátíðarsvæði.
4. Endurvinnslustöð – moltuvél fyrir Súðavíkurhrepp
Sveitarstjóra falið að skoða þetta með sveitarstjórn.
5. Erindi frá Strandabyggð – beiðni um formlegan fund með sveitarstjórn, dags. 14.4.2025
Sveitarstjóra falið að finna fundartíma með sveitarstjórn Strandabyggðar í maí.
6. Umsagnarmál frá nefndasviði alpingis:

- a. 271. mál – stefnur og aðgerðaráætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgöngu og byggðamála (stefnumörkun)
- b. 272. mál – sveitarstjórnarlög (mat á fjárhagslegum áhrifum)

Lagt fram til kynningar.

7. Erindi til kynningar – fundargerðir Sambands íslenskra sveitarfélaga ofl.


- a. 972., 973., 974. og 975. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- b. 80. fundur stjórnar samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum dags. 12.3.2025
- c. Bókun stjórnar samtaka sjávarútvegssveitarfélaga dags. 28.3.2025

Lagt fram til kynningar og umræðu.

Fleira ekki gert.


Fundi slitið kl. 11:40


Bragi Þór Thoroddsen


Jónas Ólafur Skúlason


Eiríkur Valgeir Scott


Dagbjört Hjaltadóttir


Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti